



Nitty Gritty lúsakambur

Nitty Gritty lúsakamburinn hefur það umfram aðra kamba að hann nær að grípa bæði lýs og nit. Á Nitti Gritty eru 33 laserskornar tennur með agnarsmáu bili á milli; tennurnar gefa ekkert eftir og laserskurðurinn hjálpar til við að ná öllum nitum og kemur í veg fyrir að kamburinn hárreiti.

Hvernig á að kemma í gegnum hárið

Greiðið fyrst vel í gegnum hárið með góðum bursta til þess að losa allar flækjur. Til þess að kamburinn virki sem best þarf að kemma blautt hárið. Hægt er að kemma þurr hár en það er ekki eins áhrifaríkt.

- Berið ykkar venjulegu hárnæringu í blautt hárið, ekki skola hana úr.
- Skiptið hárinu í fjögur til sex svæði allt eftir þykkt og lengd hársins.
- Kemið vel í gegnum hvert svæði fyrir sig með því að greiða niður úr hárinu í einni stroku. Það getur borgað sig að fara nokkrum sinnum yfir hvert svæði til þess að vera viss um að ná öllum lúsum og nitum, sé það til staðar.
- Komi lús eða nit í kambinn skal þrífa kambinn áður en haldið er áfram. Hægt er að þurrka yfir kambinn með pappírspurrku eða láta renna á hann vatn. Einnig er hægt að dýfa kaminum ofan í skál með vatni og hrista hann aðeins til; þannig eiga bæði lýs og nit að losna.
- Greiðið vandlega í gegnum hárið bakvið eyrun og í hnakkarótinni; þar er algengt að lýs festi nit.
- Þegar greitt hefur verið í gegnum allt hárið er hárnæringin skoluð úr og hárið þurrkað eins og vant er.
- Sé vel að kembangunni staðið ætti hárið að vera laust við allar lýs og nit.
Engrar frekari meðferðar er þörf.
- Æskilegt er að kemma hár allra fjölskyldumeðlima reglulega til að koma í veg fyrir vandamál.

Hvernig á að þrífa Nitty Gritty kambinn

- Þægilegt er að nota gamlan tannbursta, naglabursta eða annan lítinn bursta til þess að þrífa kambinn.
- Hægt er að nota tannþráð til að fara vel á milli allra tannanna eftir að kamburinn hefur verið notaður.
- Hægt er að sjóða kambinn í vatni í stutta stund til þess að sótthreinsa hann. Það er þó ekki nauðsynlegt því lýs lifa ekki lengi utan við hársvörðinn. Athuga skal að hætt er við að plasthandföngin á kaminum bráðni sé hann látinn vera í heitu vatninu of lengi.

